

# STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1995

Nr. 570

1426

16. nóvember 1995

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfluglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 571

16. nóvember 1995

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd, skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, og c gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	16.11.-30.06.96	32.000	0	201
b)	Ostur: (samtals í eftirfarandi tollnr.)		5.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	16.11.-30.06.96		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	16.11.-30.06.96		0	143
0406.9000	Annar ostur	16.11.-30.06.96		0	160
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	16.11.-30.06.96	20.000	0	107
0406.4000	Gráðostur	16.11.-30.06.96	8.000	0	164